

Nr. 23.
4.
desbr.

Lög

um

breyting á lögum um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum
14. des. 1877.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnngt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Vorn:

1. gr.

Fyrir brot móti löggiltri samþykkt má ákveða sektir frá 5—500 króna, er tilfalli fátækra sjóði; svo má og ákveða, að öll veiðarfæri, er brúkuð eru gagnstætt ákvæðum samþykktar, megi skipaðir umsjónarmenn upp taka og í land flytja án úrskurðar yfirvalds, en tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og málavöxtu, og má hann með úrskurði ákveða, að veiðarfærin skulu höfð í haldi, uns eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð lögreglustjóra um það, að sá, er veiðarfærin voru upptekin fyrir, sje sýknaður með dómí eða málssókn gegn honum niður fallin, eða að hann hafi greitt sektir þær, sem honum hafa verið gjörðar, eða sett fyrir þeim fullgilda tryggingu. Ákveða má og, að afli, sem fenginn er með ólöglegri veiðiaðferð, skuli upptækur vera og andvirði hans renna í fátækra sjóð.

Þó má ákveða þeim, er uppljóstar broti gegn samþykkt, eða tekur upp veiðarfæri, allt að helmingi sekta og afla.

2. gr.

Með lögum þessum er 7. gr. laga um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum 14. des. 1877, úr gildi numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefð á Amalþuborg, 4. desember 1886.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

L o v

om

Nr. 24.
4de
Decbr.

Forandring i Lov om forskjellige Punkter vedrørende Fiskeri paa aabne
Baade af 14de December 1877.

Vi Christian den Niende, af Guds Raade Konge til Danmark,
de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Bort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

For Overtrædelse af en autoriseret Vedtægt kan der bestemmes Bøder af 5—500 Kr., som tilfalde vedkommende Fattigkasse. Endvidere kan det bestemmes, at alle Fiskeredskaber, der benyttes paa en Maade, der strider imod en Vedtægts Forskrifter, kunne af de bestillede Tilsynsmænd optages og føres i Land uden Vrigheds-Resolution. Tilsynsmændene skulle ufortøvet gjøre Indberetning til vedkommende Politimester om Optagelsen saavel som om Sagens Beskaffenhed, hvorefter denne ved sin Resolution kan bestemme, at Fiskeredskaberne skulle beslaglægges, indtil Ejeren eller dennes Ombudsmand foreviser Attest fra Politimesteren om, at den, for hvem Fiskeredskaberne optoges, er frifunden ved Dom, eller Sags Udlæg imod ham er bortfaldet, eller han har betalt eller stillet betryggende Sikkerhed for den ham ikjendte Bøde. Endelig kan det bestemmes, at den ved ulovlig Fiskemaade erholdte Fangst skal konfiskeres, og dens Provenu tilflyde vedkommende Fattigkasse.

Dog kan der tillægges Angiveren eller den, der optager Fiskeredskaber, indtil det Halve af Boderne og Fangstens Provenu.

§ 2.

Ved denne Lov ophæves § 7 i Lov om forskjellige Punkter vedrørende Fiskeri paa aabne Baade af 14de December 1877.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 4de December 1886.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellesmann.